

ÍBÚARÁÐ LAUGARDALS – FJÁRFESTINGA- OG VIÐHALDSÁÆTLUN

- Allar hugmyndirnar falla vel að græna planinu, sé viðmiðum þess fylgt í framkvæmdum og/eða efnisvali.
- Öll verkefni hafa verið jafnréttisskimuð. Ekkert verkefni er talið þurfa jafnréttismat.
- Íbúaráðið og meirihluti þeirra íbúa sem hafa tekið þátt í ferlinu leggja að þessu sinni mesta áherslu á grunnskóla (byggingar, endurbætur á húsnæði og skólalóðir) og íþróttastöðu.
- Um sextíu hugmyndir bárust frá íbúum. Óskir íbúa endurspeglast í miklum meirihluta þeirra verkefna sem hér eru reifuð. Einnig er um verkefni að ræða sem hafa verið lengi í umræðunni hjá foreldraráðum/foreldrafélögum, í íbúaráðinu sjálfu og hjá öðrum hagsmunaaðilum, svo sem innan íþróttafélaganna.

MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ:

1. Samfélagshús/bókasafn/menningarhús á Kirkjusandsreit: Byggja, eða setja á 1. hæð fjölbýlishúss.

Rökstuðningur: Gera þarf ráð fyrir félagsaðstöðu/safni á svæðinu að ætla má, þar sem nokkuð langt er í slíka þjónustu. Þetta er hugmynd frá íbúum.

2. Sunnutorg: Breyta í n.k. *samfélagsstöð* fyrir fundi, nágrannavörslu, örviðburði, upplýsingagjöf til nýrra íbúa o.fl.

Rökstuðningur: Sunnutorgshúsið er illa farið en um leið söguleg varða í Langholtshverfi sem mörgum er annt um. Staðurinn er miðsvæðis og hentar vel fyrir starfsemi sem gerir ekki ráð fyrir mörgu fólki í senn. Þarna mætti slá nokkrar samfélagslegar flugur í einu höggi.

3. Sólheimasafn: Endurbætur húss og lóðar.

Rökstuðningur: Þetta er nú þegar á áætlun enda löngu tímabært. Safnið er miðpunktur samfélagsins í Heimahverfi og Vogahverfi og önnur hverfi í þessum hluta borgarhlutans nýta sér það einnig mikið að því er best verður séð (en ástæða væri til að kanna þetta, hafi það ekki þegar verið gert).

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ: (ATH liður 13 getur einnig heyrt til hér)

4. Vogaskóli – íþróttahús: Byggja.

Rökstuðningur: Skólinn þarf að leita á náðir MS, TBR og Langholtsskóla með íþróttaaðstöðu og það gengur varla mikið lengur. Þetta er búið að vera vandi áratugum saman.

5. Vogaskóli – skólalóð: Endurbætur.

Rökstuðningur: Lóðin hefur lengi beðið úrbóta og er líklega verst farin allra skólalóða í borgarhlutanum.

6. Langholtsskóli – húsnæði: Endurbætur.

Rökstuðningur: Íbúar kalla eftir þessu. Skólalúsin eru bæði komin til ára sinna og margt farið að láta á sjá.

7. Sameiginlegt íþróttahús fyrir Þrótt, Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla: Byggja.

Rökstuðningur: Er á plani en brýnt að komist sem first í gagnið. Íþróttamál í borgarhlutanum eru í ólestri.

8. Laugalækjarskóli – húsnæði: Stækka (ekki skúrar).

Rökstuðningur: Fulltrúi foreldraráða í íbúaráði hefur bent á þetta en einnig hefur því verið fleygt að verið sé að skoða málefni Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla sérstaklega hjá borginni. Vert er ef svo er að bíða niðurstöðu þar en ástæða er til að flýta þeirri ákvarðanatöku ef unnt er.

9. Langholtsskóli – skólalóð: Jarðvegsvinna, frárennsli á lóð.

Rökstuðningur: Margt hefur verið gert fyrir lóðina en hún er síblaut og hefur ekki verið drenuð í þessum framkvæmdaáfanga.

10. Hof, leikskóli: Stækkun starfsmannaaðstöðu.

Rökstuðningur: Skólinn var byggður fyrir fjórar deildir en starfsmannafjöldi hefur aukist mikið. Nýr skóli í nágrenninu leysir líklega ekki þennan vanda.

11. Þróttheimar, félagsmiðstöð og frístundaheimili: Flytja nær Langholtsskóla, eða hefja rekstur tómsundarútu.

Rökstuðningur: Foreldrar og foreldraráð kalla eftir því að börnin séu nær skólanum.

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ: (ATH liðir 7, 16 og 24 geta einnig heyrt til hér)

12. Valbjarnarvöllur: Endurbætur.

Rökstuðningur: Er á plani, en ráðið vill leggja þessu lið þar sem þetta er oft til umræðu.

13. Hjólastólavænar rólur og/eða hjólastólahringekjur á leiksvæði/skólavelli.

Rökstuðningur: Ábending frá foreldri sem þekkir þetta frá Snælandsskóla í Kóp. og segir það snilld, sérstaklega hringekjuna (vegan samveru við önnur börn í henni).

14. Útiæfingatæki: Fjölga þeim í borgarhlutanum.

Rökstuðningur: Áhugi á útivist og að tvinna hana saman við líkamsrækt hefur aukist mjög hratt síðasta áratug og ánægja með útiæfingatæki er mikil að því er virðist. En þau mættu vera víðar.

15. Laugalækur: Setja hjólastíg þar.

Rökstuðningur: Ýtir undir að fólk velji hjólið. Þetta vantar.

VELFERÐARSVIÐ (ATH liður 24 getur einnig heyrt til hér)

16. Bekkir: Fjölga þeim í borgarhlutanum.

Rökstuðningur: Ábending frá tveimur íbúum og studd af varaborgarfulltrúa sem vinnur með öldruðum. Hvetur aldrað fólk, og önnur sem eiga erfitt með gang til gönguferða, ef stutt er á milli bekkja til að hvílast.

17. Hjúkrunarrými: Fjölga þeim.

Rökstuðningur: Vaxandi þörf.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ:

18. Gönguljós: Fjölga þeim og bæta þau. Aukið umferðaröryggi fyrir börn.

Rökstuðningur: Fólk óttast um börn sín og það er iðulega til umræðu í hverfishópum. Einnig er lagt til af íbúum að ekki sé grænt á beygjuljós við gangbrautir.

19. Sand- og saltkassar: Setja upp víða í borgarhlutanum.

Rökstuðningur: Ekki er auðvelt að sækja sér sand eða salt langar leiðir og þetta er liður í að fækka slysum og ýta undir grænan ferðamáta. Oft mikil hálsa á veturnum.

20. Göngubrú: yfir Sæbraut.

Rökstuðningur: Tillaga frá íbúa, umferðaröryggi.

21. Lýsing í Laugardal og á íþrótt- og tómstundasvæðum: Bæta og fjölga.

Rökstuðningur: Íbúar sem ferðast um dalinn hafa oft kallað eftir þessu.

22. Garðadeild: Fjölga starfsfólki og bæta þjónustu.

Rökstuðningur: Merkjanlega aukinn áhugi er á garðyrkju, plökkun, snyrtimennsku og öllu því sem grænt er í borgarhlutanum. Því hefur verið komið á framfæri við ráðið að á sama tíma minnki og versni þjónusta á þessu sviði.

23. Vatnspóstar: Fjölga þeim í borgarhlutanum.

Rökstuðningur: Ósk frá íbúum. Fellur vel að áherslum um grænan ferðamáta (fólk verður þyrst á göngu).

24. Borgargarðar: Fjölga reitum og bæta við háum kössum fyrir fólk sem á erfitt með að beygja sig.

Rökstuðningur: Fólk sem á erfitt með vissar hreyfingar hefur eins og annað fólk ánægju af garðrækt og útivist, en því veitist oft erfitt að stunda þetta áhugamál. Þarna er kjörið tækifæri til að koma til móts við þennan hóp.

25. Borgargarðar, lóð: Jarðvegsvinna, frárennsli á lóð matjurtagarðanna í Laugardal.

Rökstuðningur: Tillaga frá Íbúasamtökunum, sem vita hvað þau eru að tala um.

26. Laugarnestangi, grænt svæði: Bæta tengingu við það.

Rökstuðningur: Betri tengingar stuðla að því að fleira fólk njóti þessa svæðis.

27. Sundlaugavegur: Gera að borgargötu.

Rökstuðningur: Sundlaugavegurinn er söguleg og menningarleg miðja í þessum hluta borgarhlutans og myndi hafa mikil jákvæð áhrif að gera hann að manneskjuvænum stað.